

Samkeppni um listaverk í almannarými

í Vesturvin á Héðinsreit

2024

Samkeppnislýsing og skilmálar

Inngangur

Í samningum Reykjavíkurborgar og Lóðarhafa eru sett fram markmið um að ákveðinni fjárhæð verði varið í listsköpun í almannarýmum á uppbyggingarsvæðum til að tryggja gæði og gott umhverfi í borginni. Til þess að fylgja þessum markmiðum eftir hefur verið ákveðið að efna til samkeppni um gerð útilistaverks til uppsetningar í Vesturvín á Héðinsreit í Vesturbæ Reykjavíkur.

Samkeppnin er haldin samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Samkeppnisformið er lokað samkeppni með opnu forvali: samkeppni þar sem forvalsnefnd velur ákveðinn fjölda myndlistarmanna til þátttöku í samkeppninni eftir að auglýst hefur verið eftir þátttakendum í forval. Seinna þrep samkeppninnar er án nafnleyndar.

Að loknu opnu kalli velur þriggja manna forvalsnefnd, skipuð fulltrúum Lóðarhafa (Festir ehf. <https://vesturvin.is/>), Listasafns Reykjavíkur / Reykjavíkurborgar og einum óháðum aðila tilnefndum af Sambandi íslenskra myndlistamanna, þrjá myndlistarmenn til að taka þátt í seinna þrepi samkeppninnar. Valdir myndlistarmenn fá greidda fyrirfram ákveðna þóknun fyrir vinnu við gerð tillögu sinnar. Dómnefnd skipuð fulltrúum frá Lóðarhöfum, Listasafni Reykjavíkur / Reykjavíkurborg og einum óháðum aðila tilnefndum af Sambandi íslenskra myndlistarmanna mun velja úr innsendum tillögum.

Við val á listaverki skal metið á hvern hátt verkið auðgar mannlíf í Vesturvín, fegrar eða virkjar vannýtt svæði og skapar spennandi umhverfi. Kallað er eftir fjölbreyttum hugmyndum og er horft til þess að listaverk geti haft margbreytilega virkni og notagildi, ólíkir aldurshópar geti notið þess og það tengist sögu svæðisins. Myndlistarmennirnir sem taka þátt í seinna þrepi munu fá kynningu á skipulagsmarkmiðum í Vesturvín á Héðinsreit og þeim hugmyndum sem lagðar eru til grundvallar í hönnun bygginga á reitnum.

Gert er ráð fyrir að verkið tilheyri stóra inngarðinum milli bygginga Vesturvinjar (<https://vesturvin.is/>) og hafi burði til að verða tákn fyrir svæðið. Verkið þarf ekki að vera bundið við einn stað og getur dreifst um svæðið og skapað heild í umhverfinu.

Verkefninu skal lokið á árinu 2025.

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með samkeppninni sem er unnin eftir verklagsreglum vegna samninga Reykjavíkurborgar og Lóðarhafa um list í almannarými. Listasafn Reykjavíkur verður tengiliður við Lóðarhafa og önnur svið og deildir Reykjavíkurborgar. Þegar verkið hefur verið sett upp er það eign Lóðarhafa í Vesturvín á Héðinsreit.

Keppnislýsing og skilmálar:

1. Verkefnið

Þátttakandi skal gera tillögu að útilistaverki fyrir Vesturvin á Héðinsreit í Vesturbæ Reykjavíkur.

Heildarfjárhæð sem verja á til gerðar og uppsetningar á listaverki getur numið allt að sextán milljónum króna samtals. Innan þeirrar fjárhæðar skal rúmast undirbúningur, efni, aðkeypt vinna, uppsetning, höfundargreiðsla og vinnuframlag höfundar. Gert er ráð fyrir því að höfundur taki þátt í eða sjái um framkvæmdir við gerð listaverks. Kostnaður vegna samkeppninnar er fyrir utan ofangreinda upphæð.

Dómnefnd áskilur sér rétt til að velja fleiri en eitt listaverk til uppsetningar en öll verkin skulu rúmast innan fjárhagsramma samkeppninnar, jafnframt er áskilinn réttur til að hafna öllum tillögum.

2. Þátttökuheimild

Rétt til þátttöku í samkeppninni hafa þeir myndlistarmenn sem forvalsnefnd valdi til þátttöku. Þátttakendur skulu skila inn tillögum sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í keppnislýsingu þessari. Heimilt er að skila tveimur útgáfum af sömu tillögu.

3. Þóknun keppenda

Þeir myndlistarmenn sem valdir eru til þátttöku í samkeppninni fá greiddar fimmhundrað þúsund krónur (500.000 kr.), fyrir að vinna vel útfærða tillögu að listaverki, ásamt lýsingu á efnistöfum, tæknilegri útfærslu og kostnaðaráætlun.

4. Samkeppnisgögn

Þeir myndlistarmenn sem taka þátt í samkeppninni fá afhent eftirfarandi gögn; teikningar, ljósmyndir og skilgreiningar.

Myndlistarmennirnir munu fá kynningu á skipulagsmarkmiðum í Vesturvin á Héðinsreit og þeim hugmyndum sem lagðar eru til grundvallar í hönnun umhverfis og bygginga á reitnum.

5. Samkeppnistillögur

Hverri tillögu skulu fylgja:

- a) Útlitsteikningar eins og við á. Teikningar og ljósmyndir skulu settar upp á A3 blöð á PDF formi. Að hámarki 3 blöð. Heimilt er að setja mynd af tillögunni inn í mynd af framtíðarumhverfi verksins. Heimilt er einnig að senda inn líkan og/eða þrívíddarteikningu af tillögunni.
- b) Greinargerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval, uppbyggingu og útfærslu. (Hámark 250 orð).
- c) Kostnaðaráætlun yfir helstu kostnaðarliði við gerð verksins og höfundargreiðslu.
- d) Upplýsingar um nafn höfundar, kennitölu, netfang, heimilisfang og símanúmer ásamt greinargóðum upplýsingum um feril. Öllum gögnum skal skilað rafrænt í einu PDF skjali.

Mikilvægt er að tillögurnar samrýmist þessum kröfum.

Heimildir um samkeppnina verða varðveittar í Listasafni Reykjavíkur og verða við lok samkeppninnar opinber gögn.

6. Skil keppnistillagna og skilafrestur

Rafræn gögn skal senda á netfangið: listaverk.uppbygging@reykjavik.is

Skilafrestur er 10. janúar 2025.

Með afhendingu á tillögu í samkeppnina telst þátttakandi samþykkja keppnislýsinguna og að hann muni virða niðurstöðu dómnefndar. Í samkeppnisferlinu verður farið með öll gögn sem trúnaðarmál.

7. Dómnefnd

Samkeppnin er lokuð hugmyndasamkeppni með dómnefnd. Dómnefnd er skipuð fulltrúa lóðarhafa í Vesturvín ehf., fulltrúa frá Listasafni Reykjavíkur / Reykjavíkurborg og fulltrúa frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Stefnt er að því að dómnefnd ljúki störfum eigi síðar en 20. janúar 2025

Dómnefnd fer yfir allar tillögur sem uppfylla skilyrði samkeppnislýsingar og metur þær með hliðsjón af samkeppnislýsingunni.

Verkefnastjóri og ritari dómnefndar er Sigrún Hrólfsdóttir.

8. Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður samkeppninnar er Ingibjörg Gunnlaugsdóttir tilnefnd af Samband íslenskra myndlistarmanna.

Fyrirspurnir

Fyrirspurnir má aðeins senda trúnaðarmanni samkeppninnar á netfangið:

trunadarmadur@sim.is

8. Sérfræðiálit

Dómnefnd samkeppninnar er heimilt að leita eftir álit utanaðkomandi sérfræðinga varðandi einstök atriði telji hún þess þörf. Sérfræðingar skulu gæta trúnaðar. Dómnefnd skal hafa samráð við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar áður en endanleg niðurstaða er kynnt.

9. Niðurstaða samkeppninnar - úrslit

Þegar dómnefnd hefur komist að niðurstöðu skilar hún skriflegu álit með rökstuðningi fyrir vali á ákveðinni tillögu eða tillögum. Ef dómnefnd telur enga tillögu koma til greina til útfærslu áskilur hún sér rétt til að hafna öllum innsendum tillögum. Niðurstaða dómnefndar er endanleg.

10. Samkeppnisreglur

Um keppnina gilda samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna. Seinna þrep samkeppninnar er án nafnleyndar. Samkeppnislýsing þessi hefur verið samþykkt af stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna, lóðarhöfum og Reykjavíkurborg.

11. Úrvinnsla

Að fenginni niðurstöðu dómnefndar verður gengið til samninga við höfund verks eða verka sem valin hafa verið. Gert er ráð fyrir að samningum verði lokið fyrir 1. febrúar 2025.